

Kabarett – æfingar eru hafnar!

Leikhópurinn Á senunni er byrjaður að æfa söngleikinn **Kabarett** eftir Masteroff, Ebb og Kander í þýðingu **Veturliða Guðnasonar**. Fyrsti samlestur var í gær, fimmtudaginn 19. maí. Frumsýnt verður í Íslensku óperunni þann 4. ágúst 2005.

Hópurinn sem stendur að **Kabarett** er óneitanlega glæsilegur. Í aðalhlutverkum eru **Pórunn Lárusdóttir** sem leikur Sally Bowles, **Magnús Jónsson** sem leikur kabarettstjórann Emmsé og **Felix Bergsson**, en hann leikur rithöfundinn Cliff Bradshaw. Í hlutverkum Fraulein Schneider og Herr Schultz eru þau **Edda Þórarinsdóttir** og **Borgar Garðarsson**, **Katla Margrét Þorgeirsdóttir** leikur Fraulein Kost og **Jóhannes Jóhannesson** stígur nýútskrifaður út úr Listaháskólanum til að leika Ernst. Aðrir leikarar eru **Vigdís Gunnarsdóttir**, **Birna Hafstein**, **Kristjana Skúladóttir**, **Guðjón Karlsson**, **Orri Huginn Ágústsson**, **Soffía Karlsdóttir** og **Inga Björg Stefánsdóttir**. Hljómsveitin skipar stóran þátt í þessari uppsetningu en hana skipa þeir **Sigtryggur Baldursson**, **Samúel Samúelsson** (Sammi í Jagúar), **Matthías Stefánsson**, **Sigurður Flosason**, **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson** og **Karl Olgeirsson**, sem jafnframt er tónlistarstjóri sýningarinnar. Aðrir listrænir stjórnendur eru danshöfundurinn **Margrét Sara Guðjónsdóttir**, **Snorri Freyr Hilmarsson** leikmyndahönnuður, **Hildur Hafstein** búningahönnuður, **Jóhann Bjarni Pálmason** ljósameistari, **Ívar Bongó Ragnarsson** hljóðmeistari og **Kolfinna Knútsdóttir** gervahönnuður. Gerð heimildarmyndar um **Kabarett** verður í höndum **Hrafnhildar Gunnarsdóttur** hjá **Krummafilms** og heimasíðu gerð er í höndum **Önnu Melsted** hjá **Anok ehf**. Auglýsingar eru unnar hjá **NM auglýsingastofu** af **Ólafi Haraldssyni**. Framkvæmdastjórar sýningarinnar eru **Felix Bergsson** og **Ingvar Sverrisson**. Leikstjóri er **Kolbrún Halldórsdóttir**.

Það þarf ekki að taka fram að **Kabarett** er langstærsta verkefni leikhópsins **Á senunni** til þessa og hefur tekist að fá frábæra samstarfsaðila til verkefnisins. Stærstur samstarfsaðila er **SPRON** sem kemur að sýningunni með sérstaklega glæsilegum hætti. Meðal annarra samstarfsaðila eru **Íslenska óperan**, **Olís**, **Flugleiðir**, **Á þakinu ehf**, **Ríkisútvarpið** og **Morgunblaðið**. Leikhópurinn nýtur einnig samstarfssamnings við **Reykjavíkurborg** sem tryggir hópnum fjárframlag til ársins 2006.

Leikhópurinn **Á senunni** hefur starfað frá 1999 og sett upp sýningar sem hafa hlotið lof innan lands sem utan. **Kabarett** er sjöunda verkefni hópsins og hefur verið á teikniborðinu í nokkur ár. Eiginlegur undirbúningur hefur staðið frá síðasta sumri. Verkið fjallar um Berlín á uppgangstíma nasistanna í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar. Bandaríkjamaðurinn Cliff Bradshaw kemur til Berlínar með það í huga að skrifa skáldsögu. Þar dregst hann fljótt inn í hringiðu, þar sem samfélagið sveiflast á milli öfganna. Annars vegar er partýið og brjálæðið í Kit Kat klúbbum og hinsvegar eru það stjórn málin, þar sem nasistar verða sífellt sterkari. Hann kynnist söngkonunni Sally Bowles og hún snýr tilveru hans á hvolf. Sofandi streymir veröldin að feigðarósi og **Kabarettinn** speglar það sem á gengur..

Kabarett verður frumsýndur í **Íslensku óperunni** þann 4. ágúst. Heimasíða sýningarinnar verður opnuð bráðlega. Hún hefur slóðina www.kabarett.is